

GJALDSKRÁ

vegna meðhöndlunar úrgangs í Vesturbyggð.

1. gr.

Gjaldskrá þessi er sett í samræmi við samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Vesturbyggð nr.214/2004 skv. 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Samkvæmt gjaldskrá þessari innheimtir Vesturbyggð gjöld til að standa undir kostnaði við förgun úrgangs, þ.m.t. sorphirðu, endurvinnslu, sorpeyðingu sem og uppsetningu og rekstur viðkomandi söfnunarstöðva.

2. gr.

Breytilegt gjald vegna sorphirðu er lagt á hvert fasteignanúmer í sveitarfélaginu. Innifalið í gjaldinu eru tunnur og losanir í samræmi við 15. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Vesturbyggð og tekur gjaldið til:

- a. 1. stk. 240 lítra tunnu fyrir heimilisúrgang sem losuð er á 28 daga fresti í þéttbýli en 21 daga fresti dreifbýli kr.61.038. Einnig er boðið upp á 660 lítra kör kr. 167.855, 360 lítra tunnu kr. 91.557 og 120 lítra tunnu fyrir heimilisúrgang kr. 45.779.
- b. stk. 240 lítra tunnu með innstingiúláti fyrir endurvinnsluefni sem losuð er á 14 daga fresti í þéttbýli en 21 daga fresti í dreifbýli kr. 30.518. Ef fengin er önnur endurvinnslutunna við hvert heimili er innheimt 80% af gjaldi fyrir endurvinnslutunnu eða kr.24.414.
- c. stk. 120 lítra tunnu fyrir lífrænt efni sem losuð er á 14 daga fresti í þéttbýli kr. 30.518. Þeir aðilar í dreifbýli sem greiða sorphirðugjald geta fengið ílát til moltugerðar. Fasteignaeigendum er heimilt að sækja um undanþágu frá gjaldi fyrir lífúrgang samkvæmt 6.gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Vesturbyggð.

Önnur gjöld vegna meðhöndlunar úrgangs sbr. 11.gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Vesturbyggð eru breytingakostnaður vegna íláta kr. 4.364 sem innheimt er ef breytinga er óskað eftir að fasteignagjöld hafa verið lögð á. Einnig er heimilt að leggja á skrefagjald ef sorpilát eru lengra frá götu en 15 m í þéttbýli og er það 50% af hverri tunnu. Aukahirðing vegna óviðundandi flokkunar eða frágangs er kr. 9.990.

3. gr.

Fastagjald vegna reksturs grenndar- og söfnunarstöðva og annars fasts kostnaðar er lagt á hvert fasteignanúmer í sveitarfélaginu. Gjaldið er kr. 24.568 fyrir íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði og kr. 43.971 fyrir sumarhús.

4. gr.

Fyrirtæki, stofnanir og aðrir rekstraraðilar í Vesturbyggð greiða fyrir losun og eyðingu á öllum úrgangi samkvæmt gjaldskrá sorphirðuverktaka auk fastagjalds fyrir fasteignir sbr. 3. gr. gjaldskrárinnar. Ef fyrirtæki, stofnanir og aðrir rekstraraðilar eru ekki með samning við þjónustuaðila er Vesturbyggð heimilt að leggja gjöld á ársgrundvelli á viðkomandi rekstur samkvæmt 8. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Vesturbyggð sem hér segir:

Lítill fyrirtæki	kr.	187.020
Meðalstór fyrirtæki	kr.	374.040
Stærri fyrirtæki	kr.	561.060
Stór fyrirtæki	kr.	1.496.160

5. gr.

Á söfnunarstöðvum Vesturbyggðar skal ekki tekið gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald, má þar nefna pappa, plast og fl. Þá skal ekki tekið gjald fyrir móttöku á garðaúrgangi og óvirkan úrgangi á sérmerktum losunarstöðum í Vesturbyggð.

6. gr.

Gjöld vegna sorphirðu og reksturs grenndar- og söfnunarstöðva og annars fasts kostnaðar skal innheimt með álögðum fasteignagjöldum ár hvert. Gjald dagar eru þeir sömu og gjald dagar fasteignagjalda.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Vesturbyggðar á 18. fundi sínum þann 11. desember 2025. Gjaldskráin er sett skv. 2. mgr. 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og 5. mgr. 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum sbr. samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Vesturbyggð. Gjaldskráin öðlast þegar gildi og frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs í Vesturbyggð nr. 1733/2024.

Vesturbyggð, 11. desember 2025.

Gerður Björk Sveinsdóttir, bæjarstjóri.